

Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 08.01.2018 kl 20.

Mættir voru allir nefdarmenn fjallskilanevndar, Eyjólfur Ingvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson, Jóhann Þórhallsson og Þorvarður Ingimarsson.

Til umfjöllunar á fundinum eru upplýsingar frá fjallkóngum sem fjallskilanevnd óskaði eftir með bréfi dags 28.11.2017 um gangnadaga og gangnaskil í haustsmalamennskum, einnig þarf að ákveða hvernig brugðist verður við vegna alls þess fjár sem enn er á útigangi.

Borist hefur svar frá öllum fjallkóngum, Gunnari Jónssyni Undir-Fellum, Hallgrími Þórhallssyni í Rana, Hjörleifi Kjartanssyni á Múla og Kiðafelli, Hirti Kjerúlf á Villingadal, Flatarheiði og Gilsárdal og Jóhanni Þórhallssyni í Útheiði.

Farið var yfir þessar upplýsingar og fram kemur að mikill misbrestur er á að rétt sé staðið að gangnaskilum. Þó má segja að heilt yfir er þetta í lagi norðan Jökulsár enda ekki komið margt fé fram á því svæði eftir slátturtíð. Í upplýsingum frá Hjörleifi og Hirti kemur fram að skipulag er ekki nægilega gott á þeim gangnasvæðum sem þeir stýra og ekki er fylgt eftir reglum um fjallskil skv fjallskilareglugerð Múlasýslna frá 2006. Samkvæmt þeirra upplýsingum er einungis smöluð ein heildstæð ganga þegar komið er fram í október um það leyti sem seinni göngu á að ljúka.

Í Fjallskilasamþykkt V.kafli 12. gr. „Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstrarheimalönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju, og skal annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.“

Erfitt er að átta sig á skipulagi gangna á Flatarheiði og Gilsárdal og sumir smaladagar virðast hafa óljósan tilgang. Þar má nefna að Hjörtur skráir smölun 25. ágúst á Flatarheiði og Víðivallahálsi út í Gilsárdal með tveimur mönnum. Engu fé var smalað til byggða þann dag. Næsti smaladagur var svo 9. sept eða um hálfum mánuði síðar og þar með er enginn sjáanlegur tilgangur með smaladeginum 25. ágúst. Hjörtur nefnir einnig að 18. eða 19. okt hafi hann fundið þrjár kindur frá Fossárdal við Strútsfoss og rekið þær suður í gegnum Hornbrynjuslakka. Þessum kindum hefði átt að smala til byggða og í hald, í stað þess að reka þær til fjalla þegar langt var liðið á október.

Í svarbréfi Hjartar Kjerúlf til fjallskilanevndar komu fram nokkrar umkvartanir á störf fjallskilanevndar og einnig sveitarstjórnar varðandi fjallskil og málefni þeim tengdum. Hann bendir á að ekki sé lagt á nema eina göngu á í Kiðafell og telur að það standi upp á fjallskilanevndina að láta smala þar á kostnað sveitarfélagsins. Það er rétt hjá Hirti að einungis er lögð á ein ganga á Kiðafell en þess ber að geta að sú hefð hefur skapast með Útheiði og Kiðafelli að leggja einungis á eina göngu á þau svæði. Fjallskilastjóri hefur að jafnaði séð um seinnigöngu og eftirleitir í Kiðafelli og það greitt af sveitarsjóði. Fjallskilastjóri fór 10. okt sl. í Kiðafellið og smalaði 8 kindum í rétt á Flöt en líklegt er að fleira fé sé þar. Fjáreigendur og landeigendur á útbæjum sjá hinsvegar um smölun í Útheiði (gangnasvæði frá Bessastaðaá út að Hrafnsgerðisá) umfram það sem lagt er á skv gangnaseðli. Þar voru einungis lögð á tvö dagsverk þangað til sl haust, þó svo að fjöldi dagsverka hafi að jafnaði verið 20 í fyrstu göngu og 18 í annari göngu. Því var ákveðið við niðurröfnun 2017 að fjölga dagsverkum í Útheiði til þess að jafna að einhverju leyti álögðum dagsverkum á smalavæðin út frá rauntölum þar um og var því dagsverkum þar fjölgað úr tveimur í tíu.

Þá telur Hjörtur algjörlega ósásættanlegt að fé hafi verið skotið haustið 2016 og fullyrðir að það hafi verið gert án þess að reynt hafi verið að hafi verið að höndla það lifandi. Hann er væntanlega að vísa til þess þegar fjallskilastjóri ásamt Jóhanni Þórhallssyni fóru á Sultarrana í des 2016 til þess að reyna

að ná þaðan fé og svo á Villingadal í jan 2017. Í bæði skiptin tókst ekki að smala kindunum sem þar voru því þær hlupu í gil og kletta og var það því afráðið að aflífa þær.

Í Fjallskilasamþykkt V.kafli 24. gr. Nú verður fjár vart í ógöngum, og er þeim skylt er sér, að tilkynna það fjallskilastjóra viðkomandi sveitarfélags. Skal hann leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt.

Því er alfarið vísað á bug að þarna hafi verið óeðlilega staðið að verki og um aðrar fullyrðingar Hjartar varðandi meðferð fjár í göngum verður ekki fjallað enda ekki til þess fallnar.

Að lokum er langur kafli í bréfi Hjartar um skógræktargirðingar á Suðurbyggð og um meinta ábyrgð fjallskilanevndar og sveitarfélagsins á að þær séu í lagi. Fjallskilanevnd vil svara því á þann hátt, að hún hefur enga aðkomu eða lögsögu í þeim málum aðra en girðingar um safnhólf og við réttaraðstöðu lögrétta og aukaréttu.

Fjallskilanevnd óskaði jafnframt eftir í erindi sínu til fjáreigenda dagss 28.11.17 að þeir brygðust við og smöluðu því fé heim sem vitað að væri á útigangi. Ekki er séð að fjáreigendur í Fljótsdal hafi orðið við því en nokkrir bændur úr Skriðdal komu 3. og 4. jan og smöluðu samtals 51 kind í Suðurdal. Af þeim voru 28 úr Skriðdal en hinar frá Hrafnkelsstöðum, eða 23.

Það er ljóst að margt fé er enn á útigangi í sveitarfélaginu og óskar fjallskilanevnd eftir að sveitarfélagið kosti smölun á því. Fjallskilastjóra falið að koma þeirri beiðni til skila á fundi sveitarstjórnar á morgun þann 9. jan.

Eyjólfur Ingvason

Gunnar Jónsson

Hjörleifur Kjartansson

Jóhann Þórhallsson

Þorvarður Ingimarsson.